Nr. 2.
4.
febr.

# Lög

um

útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þegar spítali handa holdsveikum mönnum við Reykjavík er algjör og afhentur landsstjórninni, má verja 16,000 kr. til útbúnaðar hans.

2. grein.

Við spítalann skal skipa sjerstakan lækni og hefur hann 2,700 kr. að launum. Skal læknir þessi, auk læknisstarfa við spítalann og yfirumsjónar á honum, skyldur að gegna kennslu í einni eða fleiri vísindagreinum við læknaskólann án sjerstakrar þóknunar.

3. grein.

Árleg útgjöld til spítalans skal veita á fjárlögunum.

4. grein.

Á spítala þessum skal veita móttöku sjúklingum þeim, er þangað eru sendir samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Sje rúm fyrir fleiri sjúklinga, má einnig taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir æskja að fara á spítalann.

5. grein.

Í stjórn spítalans eru amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu og landlæknir. Ef deild Odd-Fellow-reglunnar í Danmörku verður stofnsett hjer á landi, skal stjórn hennar hafa rjett til að skipa stjórn spítalans einum manni úr flokki reglunnar. Landshöfðingi semur eptir tillögum frá yfirstjórn spítalans reglugjörð fyrir hann og erindisbrjef fyrir þjónustumenn spítalans.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 4. febrúar 1898.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Rump.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Udstyrelse og Drift af et Hospital for spedalske.

Nr. 2.
4de
Febr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar et Hospital for spedalske ved Reykjavik er fuldført og afleveret til Regeringen, maa 16,000 Kr. anvendes til dets Udstyrelse.

§ 2.

Ved Hospitalet ansættes en særlig Læge, der lønnes med 2,700 Kr. Foruden Lægegærningen ved Hospitalet og Overopsynet med samme er denne Læge pligtig til uden særskilt Vederlag at varetage Undervisningen ved Lægeskolen i et eller flere Lærefag.

§ 3.

Aarsudgifterne ved Hospitalets Drift bevilges paa Finansloven.

§ 4.

Paa Hospitalet optages de Patienter, der ifølge de herom gældende Lovbestemmelser indlægges paa samme. I saa stort et Omfang, som der er Plads til flere, kunne ogsaa andre spedalske, som selv ønske det, optages paa Hospitalet.

§ 5.

Hospitalets Bestyrelse bestaar af Amtmanden over Sønder- og Vestamterne og Landfysikus. Dersom en Afdeling af Odd-Fellow Ordenen i Danmark bliver stiftet her i Landet, har dens Bestyrelse Ret til at tilforordne Hospitalets Bestyrelse et Medlem af Ordenen. Efter Overbestyrelsens Indstilling affatter Landshøvdingen et Reglement for Hospitalet, samt Instrukser for dets Funktionærer.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 4de Februar 1898.**

---

**Ministeriet for Island, den 4de Februar 1898.**

*Rump.*

---

*Ólafur Halldórsson.*